

Ályktun formannaráðs BSRB um heilbrigðismál

Formannaráð BSRB mótmælir harðlega aðhaldskröfu í rekstri heilbrigðisþjónustu í heimsfaraldri kórónuveirunnar og kjölfar hans. Veita þarf fjármagni í heilbrigðiskerfið í samræmi við þörf og bæta Landspítalanum upp áralangt fjársveldi. Ráðið bendir á að með lækkun tryggingargjalds á næsta ári verður ríkið af um fjórum milljörðum króna, sem er sambærileg fjárhæð og sá halli sem Landspítalinn glímir nú við.

Útgjöld til heilbrigðismála voru hlutfallslega lægri hér á landi en á hinum Norðurlöndunum áður en faraldurinn skall á. Undirfjármögnun heilbrigðiskerfisins er því gamalkunnur vandi sem þarf að vinda ofan af. Heimsfaraldurinn hefur aukið skilning á mikilvægi grunnstoða samfélagsins og augljóst að fjárfesting í heilbrigðisþjónustu og öðrum grunninnviðum er gríðarlega mikilvæg fyrir allt samfélagið.

Það er löngu tímabært að bæta starfsumhverfi starfsfólks almannaþjónustunnar, sem unnið hefur þrekvirki í því að koma okkur í gegnum faraldurinn. Í stað þess að leita leiða til að létta álagi af starfsfólki í framlínu baráttunnar gegn faraldrinum er nú kallað eftir aðhaldi í rekstri og niðurskurði. Verði ekki horfið frá þessari stefnu geta afleiðingarnar fyrir heilsu starfsfólksins verið alvarlegar.

Formannaráðið kallar eftir því að starfsfólk í framlínu fái álagsgreiðslur í samræmi við þá áhættu sem það hefur tekið og þau þrekvirki sem það hefur unnið í baráttu við veiruna. Þá þarf að tryggja framlínufólki allan þann stuðning sem nauðsynlegur er til að takast á við líkamlegt og andlegt álag vegna þeirra starfa í baráttunni gegn heimsfaraldrinum.

Reykjavík, 26. nóvember 2020